

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu
biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Hjalta Hugasyni
Frsm. Hjalti Hugason

1. gr.

7. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt eiga vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

2. gr.

Orðin „vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands“ í 4. mgr. 4. gr. starfsreglnanna falla brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Samkvæmt eldri starfsreglum höfðu allir guðfræðimenntaðir kennarar í föstu starfi við guðfræðideild, síðar guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, kosningarrétt við kjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Árið 2017 varð breyting á í þessu efni þannig að eftir það var vígsla áskilin í þessu sambandi.

Kosningarréttur kennara við guðfræðideild, síðar guðfræði- og trúarbragðafræðideild, réðst í upphafi af því hlutverki þeirra að mennta presta og síðar einnig djákna til þjónustu í þjóðkirkjunni. Því var ekki gerður greinarmunur á vígðum og óvígðum kennurum í þessu efni enda bera kennarar sömu ábyrgð í þessu efni óháð vígslu. Sá munur sem gerður er á vígðum og óvígðum kennurum með breytingunni 2017 styðst því ekki við málefnaleg rök. Með þessari tillögu er lagt til að staða óvígðra og vígðra kennara verði jöfnuð á þann hátt að hvorugur hópurinn hafi kosningarrétt við biskupskjör.

Þrátt fyrir þá breytingu sem hér er lögð til og samþykkt hefur verið í hópi kennara vill guðfræði- og trúarbragðafræðideild eftir sem áður eiga sem nánast samstarf við

þjóðkirkjuna og rækja áfram af alúð þau þjónustu- og ráðgjafarhlutverk sem hún hefur hingað til gegnt.